



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Skipulagssvið
Bakka 1
765 Djúpivogur

Djúpivogur, 23. október 2019
MÍ201909-0072/ 6.09 / P.E.H.

Efni: Uppbygging áningarstaðar við Snædalsfoss, Djúpavogshreppur

Með tölvubréfi dagsett 25. september síðastliðinn óskaði Páll Jakob Líndal, fyrir hönd skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um lýsingu á deiliskipulagi vegna uppbyggingar áningarstaðar við Snædalsfoss í landi Bragðavalla innan sveitarfélagsins Djúpavogshrepps. Hægt var að hala niður greinagerð lýsingarinnar, dagsett 9. september 2019. Viðfangsefni deiliskipulagsins snúa að því að staðsetja útsýnis- og göngupall við fossinn, staðsetja byggingarreit, setja fram skilmála um húsgerð, gera tillögu að uppbyggðum göngustígum, jafnframt því að gera grein fyrir lögnum og veitum. Ekki liggja fyrir endanleg skipulagsmörk að svo stöddu.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Jafnframt segir í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skuli lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga með gerð húsakönnunar. Minjastofnun Íslands hefur að auki gefið út reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra minja vegna skipulags og framkvæmda en hægt er að nálgast reglurnar á heimasíðu stofnunarinnar. Í tengslum við deiliskipulagsgerð fyrir Bragðavelli var unnin fornleifaskráning af Fornleifastofnun Íslands ses., *Deiliskráning fornleifa á Bragðavöllum í Hamarsfirði* (útgefin 2017, nr. skýrslu FS658-17061). Sú skráning nær yfir hluta af því svæði sem hér er verið að vinna með en ekki er hægt að segja með vissu hvort hún nái yfir allt svæðið fyrr en skipulagsmörk þess liggja fyrir. Einnig er ekki vitað hvort að hús eða önnur mannvirki munu falla undir skipulagstillöguna fyrr en skipulagsmörk þess liggja fyrir.

Þegar skýr afmörkun skipulagssvæðisins liggur fyrir mun Minjastofnun geta metið hvort afla þurfi frekari gagna vegna skipulagsins. Byggt á yfirlitsmynd 3 í greinagerð lýsingarinnar má sjá að fyrirbyggjandi fornleifaskráning nær yfir hluta þess svæðis sem hér er verið að vinna með. Þar sem skráning liggur fyrir innan svæðisins þarf að taka tillit til þeirra fornleifa sem vitað er um innan svæðisins og mælt er til með að

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

útfærsla skipulagsins taki mið af þeim. Óheimilt er að raska fornleifum án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgi skv. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Skráðar minjar og útlínur þeirra þurfa að koma fram á skipulagsuppdrætti þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagslýsinguna en minnir á að deiliskipulagstillagan þarf að koma til umsagnar hjá stofnuninni þegar hún liggur fyrir. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps (skipulag@djupivogur.is)